

Nefndarálit með frávísunartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku,
nr. 88/1971, með síðari breytingum (stytting vinnutíma).

Frá velferðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Magnús Má Guðmundsson, Höru Hrund Berndsen og Ragnhildi Ísaksdóttur frá Reykjavíkurborg, Guðrúnu Ragnarsdóttur frá Félagi kvenna í atvinnulífinu, Salvöru Nordal og Guðríði Bolladóttur frá embætti umboðsmanns barna, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins og Halldór Grönvold frá Alþýðusambandi Íslands.

Umsagnir bárust frá Öldu, félagi um sjálfbærni og lýðræði, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamaðra, Barnaheillum, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Félagi kvenna í atvinnulífinu og Viðskiptaráði Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að vinnutími, sem vinna ber á dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, verði styttrur úr 40 dagvinnutímum í 35 dagvinnutíma.

Við meðferð málsins fékk nefndin kynningu á tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar. Í umfjöllun Reykjavíkurborgar kom fram að með styttingu vinnuvikunnar hafi m.a. verið dregið úr andlegum og líkamlegum einkennum álags, starfsfólk fyndi fyrir aukinni starfsánægju og skammtímoveikindi hafi minnkað. Þá hafi ekki orðið breytingar á hreyfingum í málaskrám þeirra vinnustaða sem tóku þátt í verkefninu, sem bendi til þess að stytting vinnuvikunnar hafi ekki haft áhrif á afköst. Einnig kom fram við umfjöllun nefndarinnar að fleiri stofnanir og fyrirtæki hafi staðið að sams konar verkefnum um styttingu vinnuvikunnar með góðum árangri.

Í umsögnum sem bárust nefndinni kom fram töluverður stuðningur við þær hugmyndir sem liggja að baki frumvarpinu. Í umsögn Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði, kemur fram að Íslendingar vinni lengri starfsævi en fólk í samanburðarríkjum og að umfang þeirrar vinnu sé meiri en í öðrum ríkjum innan OECD. Á hinn bóginn er á það bent í umsögn Félags kvenna í atvinnulífinu að samkvæmt nýlegu mati Hagstofunnar á útreikningum vinnustunda sé fjöldi vinnustunda á Íslandi um 16–22% minni en áður var talið auk þess sem framleiðni starfsmanna sé meiri. Því séu forsendur breyttar og ekki hægt að taka að öllu leyti undir efni greinargerðar frumvarpsins. Einnig var bent á að undanfarin ár hafi fyrirkomulag vinnu breyst töluvert og með tilkomu farsíma og fartölva væru starfsmenn sítengdir vinnu sinni. Eðlilegt væri að endurskoða lög um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971, og vinnumarkaðslöggjöfina að öðru leyti, með tilliti til breytra aðstæðna. Hins vegar kom fram það sjónarmið að við breytingu á lögum vinnu mikilvægt að tryggja víðtækara samráð milli samtaka aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Nefndin styður meginmarkmið frumvarpsins að auka framleiðni og lífsgæði launafólks á Íslandi. Í því sambandi bendir nefndin á að tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar hafa almennt gengið mjög vel. Er því tímabært að stjórnvöld í samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins vinni að því að koma til móts við kröfur um breytt fyrirkomulag á vinnu.

Þar sem svo víðtækt samráð hefur ekki verið haft getur nefndin ekki mælt með samþykkt frumvarpsins en beinir því til félags- og barnamálaráðherra að vinna markvisst að endurskoðun vinnumarkaðslöggjafarinnar með það að markmiði að auka möguleika fólks á því að koma á jafnvægi milli atvinnu- og fjölskyldulífs. Með því megi jafnframt sporna við vanlíðan og kvíða barna sem hefur farið vaxandi.

Að framangreindu virtu leggur nefndin til að málinu verði **vísad til félags- og barnamálaráðherra** sem skuli vinna það ítarlegar og í samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins.

Hanna Katrín Friðriksson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykk þessu áliti.

Alþingi, 29. apríl 2019.

Halldóra Mogensen, form., frsm.	Ólafur Þór Gunnarsson.	Ásmundur Friðriksson.
------------------------------------	------------------------	-----------------------

Andrés Ingí Jónsson.	Anna Kolbrún Árnadóttir.	Guðjón S. Brjánsson.
----------------------	--------------------------	----------------------

Guðmundur Ingí Kristinsson.	Halla Signý Kristjánsdóttir.	Vilhjálmur Árnason.
-----------------------------	------------------------------	---------------------